

Björgun ehf.
Sigurður R. Helgason
Sævarhöfða 33
110 REYKJAVÍK

2001060013
1000; 9310

Reykjavík, 16. júlí 2001
/--

Efni: Landfylling við Kársnes, Kópavogi. Ákvörðun um matsskyldu.

Vísað er til erindis Hönnunar hf. fyrir hönd Björgunar ehf. og Bygg ehf. dags. 15. júní 2001 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt gerð landfyllingar við Kársnes í Kópavogi samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun leitaði álits Kópavogsbæjar, Flugmálastjórnar, Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, Hollustuverndar ríkisins, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis og Náttúruverndar ríkisins. Álit bárust frá Kópavogsbæ með bréfi dags. 4. júlí 2001, Flugmálastjórn með bréfum dags. 29. júní og 5. júlí 2001, Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis með bréfi dags. 2. júlí 2001, Hollustuvernd ríkisins með bréfi dags. 6. júlí 2001, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti með bréfi dags. 22. júní og tölvupósti dags. 2. júlí og 13. júlí 2001 og Náttúruvernd ríkisins með bréfi dags. 25. júní 2001. Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með bréfi dags. 10. júlí 2001.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fram kemur í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila að fyrirhuguð er gerð 6 ha landfyllingar í sjó meðfram norðurströnd Kársness í Kópavogi, um 400 m að lengd frá austri til vesturs og um 150 m í sjó fram til norðurs. Tilgangur framkvæmdarinnar er að skapa rými fyrir byggingu nýs íbúðarhverfis á norðurströnd Kársness.

Samkvæmt framlögðum gögnum við tilkynningu framkvæmdarinnar er fyrirhuguð að taka fyllingarefni, um 440.000 m³, úr efnisnámmum í Faxaflóa og Hvalfirði sem verði dælt beint frá dæluskipi í landfyllinguna og efni í grjótvörn, um 10.000-15.000 m³, úr námu á landi.

Gerð landfyllingarinnar er fyrirhuguð í þremur áföngum, fyrsta áfanga austast á svæðinu við núverandi siglingaaðstöðu og öðrum og þriðja áfanga til vesturs. Ekki er talin þörf á dýpkun við gerð fyrirhugaðrar landfyllingar.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA

Efnistaka

Í umsögn iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis dags. 2. júlí 2001 kemur fram að ráðuneytið telji að umrædd framkvæmd skuli háð mati umhverfisáhrifum. Fyrir liggja að framkvæmdaraðili hefur gilt leyfi iðnaðarráðherra til efnistöku í Faxaflóa. Engu að síður beri að líta til þess að Faxaflói getur ekki talist einn og óskiptur efnistökuastaður enda séu aðstæður þar mjög mismunandi bæði hvað varðar gerð nýtanlegra setlaga og umhverfisþætti. Ráðuneytið telur að framkvæmdaraðili þurfi að velja efnistökuastað þar sem tekið verði efni sem ekki er, eða verður síðar, nýtanlegt sem iðnaðarhráefni. Ráðuneytið líti svo á að framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum á grundvelli umfangs efnistöku og þess að efnistökuastað þurfi að velja með tilliti til þess að ekki sé um að ræða efni sem verði síðar nýtanlegt sem iðnaðarhráefni.

Í viðbótarupplýsingum framkvæmdaraðila kemur fram að komist hafi verið að munnlegu samkomulagi við iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið um að fallið verði frá fyrirhugaðri efnistöku í Faxaflóa og að allt fyllingarefni verði tekið úr námum í Hvalfirði, sem hafi verið í notkun í um 40 ár.

Í frekari umsögn iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis dags. 13. júlí 2001 er vísað til þess að framkvæmdaraðili hafi fallið frá efnistöku í Faxaflóa en muni þess í stað taka allt efnið úr námum í Hvalfirði sem eru í notkun í dag. Ekki leiki vafi á að framkvæmdaraðili hafi leyfi til þeirrar efnistöku á grundvelli námuleyfis iðnaðarráðherra frá 1990. Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið telji því að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Í umsögn Náttúruverndar ríkisins kemur fram að óheft efnistaka úr sjó sé varasöm nema ljóst sé hvort og hvaða áhrif hún hafi á lífríkið og hugsanlegar hrygningar fisks. Náttúruvernd ríkisins telji afar mikilvægt að umhverfisáhrif efnistöku í sjó verði könnuð og lagt verði mat á hvort og hvaða áhrif efnistakan hafi á lífríkið og ásýnd fjara, ekki einungis vegna landfyllingar á Kársnesi heldur vegna efnistöku á þessum svæðum í heild. Stofnunin telji þetta sérstaklega mikilvægt í ljósi þess að samkvæmt bréfi iðnaðarráðuneytis, dags. 28. ágúst 1990, sé leyfi Björgunar ehf. til efnistöku í sjó háð því að fyrirtækið geri nauðsynlegar ráðstafanir til að forðast mengun og spillingu á lífríki láðs og lagar vegna efnistökkunnar. Að mati Náttúruverndar ríkisins sé það ekki forsvaranlegt að stöðugt sé tekið efni úr námum í sjó án þess að vita hvort og hvaða áhrif efnistakan hefur. Hvað snertir efnistöku á landi bendir Náttúruvernd ríkisins á að ekki séu til neinar námur á höfuðborgarsvæðinu sem stofnunin hafi viðurkennt eða samþykkt, en víða hafi gætt misskilnings í þá átt. Stofnunin bendir á að til að gefa umsagnaraðilum kost á að meta áhrif efnistöku á landi mætti framkvæmdaraðili birta lista yfir þær námur sem gætu komið til greina. Náttúruvernd ríkisins leggur áherslu á að ekki verði opnaðar nýjar námur vegna landfyllingarinnar.

Í viðbótarupplýsingum framkvæmdaraðila kemur fram að nokkuð góðar líkur séu á að hægt verði að safna saman því efni sem áætlað er í grjótvörn fyrirhugaðrar landfyllingar við Kársnes úr húsgrunnum á höfuðborgarsvæðinu eða innan sveitarfélagsins sjálfs og úr fjörunni þar sem landfyllingin er fyrirhuguð. Ef ekki takist að safna saman efni á þennan hátt komi námur á Geldinganesi, í Hamranesi og Kapelluhrauni og í Eldvarpahrauni eldra og Þórðafellshrauni til greina en allar séu þær opnar og hafi undirgengist mat á umhverfisáhrifum. Ekki verði opnaðar nýjar námur vegna landfyllingar á Kársnesi.

Landfylling

Í umsögn Náttúruverndar ríkisins kemur fram að fjörur og grunnsævi frá Bala á Álftanesi að norðanverðu Seltjarnarnesi og Skerjafjörður allur séu á skrá Alþjóða fuglaverndarsamtakanna (BirdLife International) um alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði. Engar markvissar upplýsingar séu til um fuglalíf á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði og því telji Náttúruvernd ríkisins rétt að rannsaka fuglalíf með tilliti til hugsanlegra umhverfisáhrifa vegna landfyllingar.

Í viðbótarupplýsingum framkvæmdaraðila kemur fram að þó svo að engar markvissar upplýsingar liggi fyrir um fuglalíf á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, og því ekki hægt að fullyrða um áhrif á fuglalíf, séu hverfandi líkur á því að landfylling á þessu svæði komi til með að hylja mikilvæg fæðu- og/eða dvalarsvæði fugla í voginum. Eins og fram komi í greinargerð um matsskyldu séu leirusvæði í Skerjafirði mikilvæg fæðusvæði fyrir fugla. Fyrirhuguð landfylling verði talsvert vestan við Fossvogsleirur og eins séu fjörur á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði ekki náttúrulegar.

Fram kemur í umsögn Flugmálastjórnar að miðlínusendir sem sé hluti af nákvæmnis-aðflugskerfi norður-suðurbrautar Reykjavíkurflugvallar sé staðsettur nyrst á Kársnesi á framlengdri miðlínu brautarinnar og að gerð grjótvörnargarðs fyrirhugaðrar landfyllingar framan við sendinn muni án efa hafa truflandi áhrif á geislann. Þá kemur fram að í gangi sé könnun á því hvort hægt sé að flytja miðlínusendinn yfir á brautarendann.

Í viðbótarupplýsingum framkvæmdaraðila kemur fram að framkvæmdaraðili muni haga hönnun eftir niðurstöðu Flugmálastjórnar varðandi miðlínusendinn.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Björgun ehf. og Bygg ehf. hafa tilkynnt til ákvörðunar um matsskyldu fyrirhugaða landfyllingu við Kársnes í Kópavogi. Um er að ræða gerð 6 ha landfyllingar í sjó meðfram norðurströnd Kársness, um 400 m að lengd frá austri til vesturs og um 150 m í sjó fram til norðurs. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og liðum 10 h og 2 a í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Tilgangur framkvæmdarinnar er að skapa rými fyrir byggingu nýs íbúðarhverfis á norðurströnd Kársness.

Efnistaka

Eftir að framkvæmdin var tilkynnt til ákvörðunar um matsskyldu hafa áform framkvæmdaraðila varðandi efnistöku breyst þannig að nú er fyrirhugað að taka allt efni í fyllingu af svæði í Hvalfirði þar sem framkvæmdaraðili hefur leyfi iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis. Einnig hefur framkvæmdaraðili upplýst að efnis í grjótvörn verði aflað úr húsgrunnum, úr fjöru innan framkvæmdasvæðisins eða úr tilgreindum námum sem gengið hafa í gegnum mat á umhverfisáhrifum.

Þar sem framkvæmdaraðili hyggst nú nýta svæði til efnistöku þar sem fyrir liggja tilskilin leyfi er sá þáttur framkvæmdarinnar ekki til ákvörðunar um matsskyldu. Skipulagsstofnun tekur hinsvegar undir álit iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis og Náttúruverndar ríkisins um að meta þurfi umhverfisáhrif verulegrar efnistöku af nýjum svæðum í Faxaflóa.

Landfylling

Landfyllingin er fyrirhuguð á svæði sem er á skrá yfir alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði. Náttúruvernd ríkisins telur að rannsaka þurfi fuglalíf með tilliti til hugsanlegra áhrifa

landfyllingar á fuglalíf í ljósi þess að ekki liggi fyrir nákvæmar upplýsingar um fugla á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Framkvæmdaraðili hefur skýrt í viðbótarupplýsingum að framkvæmdasvæðið sé talsvert fyrir vestan leirusvæði í botni Fossvogs og að fjara á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði sé að miklu leyti röskuð. Skipulagsstofnun telur í ljósi þessa að gerð landfyllingarinnar sé ekki líkleg til að raska leirum eða grunnsævi eða hafa umtalsverð áhrif á fuglalíf.

Fram kemur í umsögn Flugmálastjórnar að að gerð grjótvörnargarðs fyrirhugaðrar landfyllingar framan við miðlínusendi norður-suðurbrautar Reykjavíkurflugvallar muni án efa hafa truflandi áhrif á geisla sendisins. Þá kemur fram að í gangi sé könnun á því hvort hægt sé að flytja miðlínusendirinn yfir á brautarendann. Skipulagsstofnun telur mikilvægt að staðið verði að fyrirhuguðum framkvæmdum við landfyllingu í samráði við Flugmálastjórn og í samræmi við niðurstöðu hennar um flutning miðlínusendis.

Sú framkvæmd sem hér er lögð fram til ákvörðunar um matsskyldu er gerð landfyllingar og efnistaka vegna hennar. Þrátt fyrir að tilgangur framkvæmdarinnar sé að skapa rými fyrir uppbyggingu íbúðarhverfis á landfyllingunni falla framkvæmdir við það ekki undir ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum og þar með ákvörðun stofnunarinnar um matsskyldu framkvæmdarinnar. Skipulag og uppbygging byggðar á landfyllingunni getur eingöngu komið til umfjöllunar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum sem afleiddar framkvæmdir og óbein áhrif af þeirri framkvæmd sem fellur undir lögin, sem í þessu tilfelli eru gerð landfyllingar og efnistaka.

Umhverfisáhrif þeirrar byggðar sem fyrirhuguð er á landfyllingunni, sem og takmarkanir á byggð á svæðinu s.s. vegna náttúruverndar og flugumferðar, skal fjalla um við gerð skipulagsáætlana fyrir svæðið, þ.e. breytingar eða endurskoðunar á Aðalskipulagi Kópavogs og deiliskipulags. Ekki er unnt að veita leyfi til framkvæmda við landfyllinguna fyrr en að undangengnum viðeigandi breytingum á skipulagsáætlunum fyrir svæðið. Skipulagsstofnun vekur athygli á því að við umfjöllun þessa máls hafa komið fram ábendingar frá umsagnaraðilum varðandi hugsanleg umhverfisáhrif byggðar á landfyllingunni og umferðar til og frá henni, sem og um takmarkanir á byggð þar vegna náttúruverndar og flugumferðar, sem taka þarf tillit til og fjalla um í skipulagstillögum fyrir svæðið.

Í samræmi við 6. grein laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, umsagnir og viðbótarupplýsingar framkvæmdaraðila. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að gerð landfyllingar við Kársnes í Kópavogi sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 6. grein laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 15. ágúst 2001.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir

Samrit: Bygg ehf.

Afrit.:

Umhverfissráðuneytið, Kópavogsbær, Flugmálastjórn, Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, Hollustuvernd ríkisins, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið, Náttúruvernd ríkisins og Hönnun hf.